

Landeigendafélag Geysis ehf.
Réttarholti 6
800 Selfoss

Reykjavík, 12. febrúar 2014.

Geysissvæðið, fyrirhuguð gjaldtaka, beiðni um viðræður.

Til Landslaga hefur leitað Fjármála- og efnahagsráðuneytið f.h. ríkissjóðs. Vísað er til umfjöllunar í fjölmiðlum síðustu daga og misseri þar sem fram hefur komið að landeigendur við Geysi, Landeigendafélag Geysis ehf., hyggist ráðast í framkvæmdir við Geysi og innheimta gjald af ferðamönnum sem um svæðið fara frá og með 10. mars nk.

Land það sem félagar í Landeigandafélagi Geysis ehf. eiga í óskiptri sameign með íslenska ríkinu er í u.þ.b. 75% eigu landeigenda og 25% eigu íslenska ríkisins. Umrætt land umlykur landspildu þar sem helstu hverir svæðisins Geysir, Strokkur og Blesi eru staðsettir. Það svæði er hins vegar í einkaeigu íslenska ríkisins skv. afsali frá 1935.

Íslenska ríkið, sem einn af eigendum sameignarlandsins og einkaeigandi hluta svæðisins, mótmælir framangreindum fyrirætlunum.

Augljóst er að landeigandafélagið getur ekki ráðist í framkvæmdir á séreignarlandi ríkissjóðs né innheimt gjald vegna þess. Þá er félaginu jafnframt óheimilt, án samþykkis íslenska ríkisins, að takmarka umferð, innheimta gjald af ferðamönnum eða ráðast í framkvæmdir á því landi sem aðilar eiga í sameign.

Um sameignarlandið gilda ólögfestar reglur eignarréttar um óskipta sameign. Af þeim leiðir að sameigendum eru ekki heimil afnot eða ráðstafanir sem teljast vera bagalegar fyrir aðra eigendur, teljast meiriháttar, eru óvenjulegar eða verða ekki leiddar af tilgangi sameignar, nema fyrir liggi samþykki annarra eigenda. Mat á því hvort ráðstöfun eða afnot þarfnist samþykkis allra sameigenda ræðst af heildarmati á aðstæðum.

Innheimta gjalds af þeim sem fara um sameignarlandið er grundvallarbreyting á afnotum svæðisins og tilgangi frá því sem verið hefur. Breyting á því teldist meiriháttar breyting og væri mjög bagaleg fyrir einn eigandann þ.e. íslenska ríkið. Hún mundi takmarka afnot af sameignarlandinu sjálfu sem og af og séreignarlandi íslenska ríkisins sem umlukið er sameignarlandinu. Þá er gjaldtaka af svæðinu óvenjuleg ráðstöfun en slík gjaldtaka hefur ekki tíðkast á Íslandi til þessa. Með vísan til ólögfestra reglna um sérstaka sameign er sameigendum ríkissjóðs því óheimilt að ráðast í innheimtu gjalds af svæðinu án samþykkis ríkissjóðs.

Gerir landeigendur alvöru úr áformum sínum áskilur ríkissjóður sér allan rétt, sem sameigandi og einkaeigandi að spildu innan sameignarlandsins, til þess að stöðva slíka framkvæmd með aðstoð yfirvalda og dómstóla ef með þarf.

Fullur skilningur er hjá ríkissjóði um að tryggja þurfi vernd svæðisins og öryggi ferðamanna. Hefur ríkissjóður vegna þess lagt rúmar 13. mkr. í framkvæmdir og rekstur svæðisins síðustu ár. Ekki hefur verið ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir á svæðinu þar sem ekki hefur náðst samstaða um slíkar framkvæmdir með sameigendum. Þá hefur ekki náðst samstaða um friðlýsingu svæðisins þrátt fyrir þá fyrirætlan ríkisins.

Nú stendur yfir hugmyndasamkeppni um skipulag svæðisins. Gert er ráð fyrir að niðurstaða úr henni liggi fyrir í mars nk. Þá stendur yfir vinna við gerð friðlýsingarskilmála fyrir svæðið í samræmi við náttúruverndaráætlun. Gera má ráð fyrir að tillaga að slíkum skilmálum geti legið fyrir innan tíðar. Jafnvel þó samkomulag yrði um að vinna að framtíðaruppbyggingu svæðisins á grundvelli tillögu úr hugmyndasamkeppninni og að friðun þess á grundvelli friðlýsingarskilmála, sem liggja munu fyrir fljótlega, er ljóst að málsmeðferð hvoru tveggja mun taka nokkurn tíma. Nokkuð er því í að hægt verði að ráðast í framtíðaruppbyggingu svæðisins. Gjaldtaka af ferðamönnum inn á svæðið er því alls ekki tímabær, jafnvel þó sett sé til hliðar umræða um réttmæti slíkrar gjaldtöku og heildarfyrirkomulag slíkra mála á landsvísu.


Á meðan framtíðarskipulag svæðisins, hvað varðar vernd og uppbyggingu, hefur ekki verið ákveðið og á meðan lokið verður við að skoða hvernig best sé að skipa málum um innheimtu gjalda af ferðamönnum á Íslandi almennt, er ríkissjóður tilbúinn til að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir á svæðinu til að tryggja frekari vernd þess m.t.t. þeirrar fjölgunar ferðamanna sem orðið hefur. Þá er ríkissjóður tilbúinn til að kosta rekstur svæðisins. Er hér með óskað eftir viðræðum við meðeigendur að sameignarlandinu um framangreint.

Vegna yfirlýsinga í fréttum síðustu daga, um að landeigendur hafi borið kostnað vegna svæðisins, óskast upplýst í hverju sá kostnaður er fólgin og hve hár hann er. Ríkissjóði hefur ekki verið gerð grein fyrir slíkum kostnaði né óskað endurgreiðslu hans. Ríkissjóður er til viðræðu um þátttöku í greiðslu slíks kostnaðar.

Undirritaður mun góðfúslega veita frekari upplýsingar um málið verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. Landslaga,



Ívar Pálsson, hrl.

Afrit: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Arnarhvoli við Lindargötu, 150 Reykjavík
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík